

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á reglum Bændasamtaka Íslands um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparsækt frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2013.**

Með vísan til 11. gr. reglugerðar nr. 1084/2012 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2013 og gr. 6.4. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dags. 10. maí 2004, hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra staðfest verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparsækt frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2013. Reglurnar eru birtar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. janúar 2013.*

F. h. r.  
**Ólafur Friðriksson.**

*Sigríður Norðmann.*

**Fylgiskjal.**

**REGLUR  
um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparsækt  
frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2013.**

Með vísan til 11. gr. reglugerðar nr. 1084/2012 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 og gr. 6.4. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu dags. 10. maí 2004, setja Bændasamtök Íslands eftirfarandi reglur um fyrirkomulag greiðslna vegna kynbótaverkefna, á tímabilinu:

1. gr.

Rétt á álagsgreiðslum vegna kynbótaverkefna í nautgriparsækt eiga handhafar bein-/gripagreiðslna á búum sem uppfylla kröfur Bændasamtaka Íslands um gæðastýrt skýrsluhald.

Handhafi greiðslna skv. 1. mgr. skal vera sá sami og er handhafi beingreiðslna og/eða gripagreiðslna á búinu, nema annað verði ákveðið.

2. gr.

Sú upphæð sem verður til ráðstöfunar á árinu 2013 er ákveðin á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 1084/2012. Fjárhæðin verður greidd til þeirra sem rétt eiga á greiðslunum, sbr. 1. gr. með þeim hætti sem hér segir:

- Jöfn greiðsla sem nema skal 20% af fjárhæð skv. 1. mgr., greiðist til handhafa greiðslna á búum sem uppfylla kröfur um gæðastýrt skýrsluhald.
- Hlutfallsgreiðsla sem nema skal 80% af fjárhæð skv. 1. mgr., greiðist í réttu hlutfalli við árskúafjölda í þeim mánuði sem greitt er út.

3. gr.

Greiðslutilhögun og skilyrði greiðslna eru sem hér segir:

Upphæðin greiðist með fjórum jöfnum greiðslum í maí, ágúst, nóvember 2013 og febrúar 2014. Til grundvallar hverri greiðslu liggja skýrsluskil síðasta ársfjórðungs fyrir greiðslumánuð ásamt því að skýrsluhaldari þarf að standast kröfur um kýrsýnatökur fyrir allt yfirstandandi verðlagsár. Skýrsluskil þurfa að vera regluleg, þ.e. að skýrslu sé skilað fyrir 11. næsta mánaðar eftir mælingarmánuð. Skal vera ein niðurstaða, þ.e. eitt sýni úr hverri mjólkandi kú á búinu tvisvar sinnum á hverjum ársfjórðungi ársins 2013. Niðurstöður kýrsýna þurfa að hafa borist innan 15 daga frá því að ársfjórðungi lýkur. Ef ekki tekst af tæknilegum ástæðum hjá Rannsóknastofu Samtaka afurðastöðva í

Nr. 6

4. janúar 2013

mjólkuriðnaði (SAM) að greina niðurstöður fyrir einstaka gripi skal taka tillit til þess. Ný skýrsluhaldsbú skulu hafa skráð sig í skýrsluhald og skilað skýrslu reglulega og kýrsýnum fyrir undan-genginn ársfjórðung, ásamt því að standast almennar ofangreindar kröfur.

4. gr.

Bú telst skýrsluhaldsbú hafi það verið skráð í skýrsluhald á verðlagsárinu 2012. Með nýjum skýrsluhaldsbúum er átt við bú sem ekki voru skráð í skýrsluhald á verðlagsárinu 2011, eða hafa haft eigendaskipti á verðlagsárinu 2011 eða seinna.

5. gr.

Greiðslur deilast niður miðað við fjölda þeirra sem standast kröfur þess tímabils sem er til viðmiðunar.

*Reykjavík, 27. desember 2012.*

F.h. Bændasamtaka Íslands,

**Eiríkur Blöndal.**

---

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2013